

Vegna laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl.

Í frumvarpi til fjárlaga komandi árs, 2025 er lagt til að sóknargjöld lækki um u.þ.b. 5% eða úr kr. 1.192 á mann á mánuði í kr. 1.133.

Frá því fljótlega eftir hrun hafa sóknargjöld verið rétt helmingur af því sem þau voru fyrir bankahrunið 2008. Því hafa söfnuðir Þjóðkirkju og starfsstöðvar annarra lífsskoðunarfélög þurft að sníða stakk sinn þröngt vegna þessa undanfarin 16 ár. Þessa skerðingu tóku lífsskoðunarfélög á sig tímabundið. Hrunið er löngu yfirstaðið og tel ég erfitt að réttlæta frekari skerðingar.

Sannarlega hefur þetta komið niður á æskulýðsstarfi sem og almennu starfi og þjónustu lífsskoðunarfélaga. Að sama skapi hafa framkvæmdir og viðhald við húsnæði og eignir setið á hakanum. Til marks um þetta getur sóknarnefnd Landakirkju í Vestmannaeyjum, þar sem um 75% íbúa eru í þjóðkirkjunni aðeins gert ráð fyrir kr. 2.000.000 til framkvæmda á ári þrátt fyrir að vera ábyrg fyrir húsnæði sem er friðað að hluta og telur rúma 1.000 m².

Sami söfnuður sér fram á tekjuskerðingu í kringum 2.000.000 milljónir á komandi ári vegna ráðgerðar lækkuna. Þetta er dæmi sem má auðveldlega færa yfir á aðra sem þiggja sóknargjöld.

Það er ljóst að ekki er hægt að reka söfnuði og lífsskoðunarfélög til lengdar á hálfu framlagi og ljóst að festa þarf betri lausn í lög en lagt hefur verið til.

Undirrituð leggur til að sóknargjöld verði hækkuð og sú tala sem verður ofan á verði vísitölutengd. Það myndi auðvelda ábyrga fjárhagsáætlanagerð lífsskoðunarfélaga sem og að auka fyrirsjáanleika starfsumhverfis þeirra.

Ragnheiður Perla Hjaltadóttir
Nefndarmaður í sóknarnefnd Landakirkju í Vestmannaeyjum